

# Landskjörstjórn og ný kosningalög nr. 112/2021

Kynningarfundur landskjörstjórnar, sambands íslenskra sveitarfélaga og  
dómsmálaráðuneytisins

28. apríl 2022

# Tímalína kosninga

## Sveitarstjórnarkosningar 2022

Tímalína kosninganna sbr. [kosningalög nr. 112/2021](#)



Kjördagur



LANDSKJÖRSTJÓRN

# Upplýsingabréf til yfirkjörstjórna dags. 11. apríl

## LANDSKJÖRSTJÓRN

Til allra yfirkjörstjórna.

Reykjavík, 11. apríl 2022

Landskjörstjórn hefur unnið að undirbúningi kosninga til sveitarstjórna sem fram fara hinn 14. maí nk. og meðal annars átt ganglega fundi með yfirkjörstjórnnum.

Hér á eftir eru nokkur atriði sem landskjörstjórn vill koma á framfæri og í sumum tilvikum fá upplýsingar frá yfirkjörstjórnnum um ákveðin atriði:

**1. Kjörgögn, sérprentun kosningalaga, útgáfa reglugerða o.fl.**

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga láta gera kjörseðla sem nota skal við atkvæðagreiðslu á kjörfundi við sveitarstjórnarkosningarnar þann 14. maí nk. Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, sjá nánar reglugerð nr. 388/2022 um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar.

# Dagskrá

- Hvert erum við komin?
- Kjörgögn og kosningaleiðbeiningar
- Talning atkvæða, eyðublöð og skýrsluform
  - Kosningaskýrsla skv. 26. gr. reglugerðar um talningu
  - Aukafundur 9. maí vegna kosningaskýrslu
- Kosningavefurinn
- Stafræn ökuskírteini
- Fyrirspurnir

## Staðan



Kosið utan kjörfundar 2567



Hlutbundin listakosning 49  
Óbundnar kosningar 13  
Sjálfkjörinn listi 2



Á kjörskrá 277.127  
Þar af erlendir ríkisborgarar  
31.703 (11,5%)

# Reglugerðir & reglur

1. Reglugerð um framboð og meðmæli við sveitarstjórnarkosningar.
  2. Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá.
  3. Reglugerð um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar.
  4. Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum.
  5. Reglugerð um talningu atkvæða o.fl.
  6. Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu.
  7. Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar.
  8. Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu.
  9. Fyrirmæli landskjörstjórnar um skilríki umboðsmanna.
  10. Aðrar leiðbeiningar gefnar út af landskjörstjórn og Þjóðskrá Íslands.
- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/kosningar/sveitarstjornarkosningar-2022/framkvaemd-kosninga/log-og-reglur/>

# Kosningaleiðbeiningar - aðgengi

- Ábendingar frá Félags- og vinnumálaráðuneytinu
  - Gátlisti birtur á kosningavefnum
- Fleiri ábendingar frá ÖBÍ, Þjónustu og þekkingarmiðstöð og réttindagæslu:
  - „Stærð kjörklefanna og skortur á næði“. Kjörklefar þurfa að rýma fólk sem notar svokallaðar ellinöðrur og hjólastólanotendur með aðstoðarmann. Aðgengilegir kjörklefar þurfa að vera mjög rúmir.
  - Lagt til að skoða að merkja kosningastaði með navilens aðgengisappi sem Blindrafélagið getur veitt frekari upplýsingar um.
  - Áréttað að aðstoð við kjósenda er ekki háð framvísun vottorðs frá réttindagæslumanni

# Kjörgögn - hlutverk landskjörstjórnar

## *reglugerð um kjörgögn*

- Landskjörstjórn ber ábyrgð á því að útbúa og afhenda kjörgögn að undanskildum þeim kjörgögnum sem yfirkjörstjórn sveitarfélags skal útbúa.
- Dreifing:
  - Utan Höfuðborgarsvæðisins með pósti, 4. og 5. maí.
  - Á Höfuðborgarsvæðinu 9. – 10. maí.
- Kjörgögn:
  - Kosningaleiðbeiningar á kjörstað – veggspjöld á íslensku, ensku og pólsku.
  - Samantekt laga, reglugerða o.fl. um framkvæmd kosninga (kosningahandbókin).
  - Leiðbeiningabæklingur um mat á vafaatkvæðum.
  - Atkvæðailát – fyrir ónotaða kjörseðla (pappakassar).
  - Atkvæðaumslög – sjá næstu glæru.
  - Innsiglisborðar – rauðir borðar.
  - Símar – til að lesa stafræn ökuskírteini.
- Tengiliður landskjörstjórnar er Jón Atli Kristjánsson, [jak@radgjafar.is](mailto:jak@radgjafar.is)



# Atkvæðaslug

LANDSKJÖRSTJÖRN

KJÖRSTJÖRN \_\_\_\_\_

KJÖRSTAÐUR – KJÖRDEILD \_\_\_\_\_

AFGANGSSEÐLAR

ÁGREININGSSÉÐLAR

ÖNÝTIR KJÖRSEÐLAR

ÖVISTUÐ ATKVÆÐI

VAFAATKVÆÐI - UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐI

ANNAD \_\_\_\_\_

# Kjörgögn - hlutverk yfirkjörstjórnar

## *reglugerð um kjörgögn*

- Yfirkjörstjórn sveitarfélags ber ábyrgð á varðveislu og afhendingu kjörfundargagna og annarra kjörgagna til hverfiskjörstjórna eða undirkjörstjórna í viðkomandi sveitarfélagi.
- Yfirkjörstjórn sveitarfélags ber ábyrgð á því að útbúin séu kjörfundargögn við sveitarstjórnarkosningar í viðkomandi sveitarfélagi.

# Atkvæðakassar

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga í té atkvæðakassa samkvæmt beiðni.

Atkvæðakassi skal vera úr haldgóðum krossvið, eða sambærilegu efni, með loki á hjörum af hæfilegri stærð og þannig búinn að unnt sé að læsa honum. Lok skal vera úr sama efni, með nægjanlega langri rifu þannig að unnt sé að koma atkvæðaseðli þar ofan í. Rifa skal formuð með þeim hætti að ekki sé unnt að ná seðli upp úr kassanum. Landskjörstjórn ákveður stærð atkvæðakassa.

Atkvæðakassar sem teknir eru í notkun eftir gildistöku reglugerðarinnar skulu hafa innfelldan ramma þannig að ekki sé unnt að koma pappír milli loks og kassa.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags ber ábyrgð á því að til staðar sé nægilegur fjöldi atkvæðakassa fyrir kosningar í sveitarfélaginu hverju sinni.

Sveitarfélag skal geyma atkvæðakassa milli kosninga með tryggum hætti.

# Gerðabækur

Landskjörstjórn löggildir gerðabækur yfirkjörstjórna sveitarfélaga.

Gerðabækur sem notaðar hafa verið við kosningar fyrir gildistöku þessara reglna, skulu halda gildi sínu.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags lætur hverfiskjörstjórnnum og undirkjörstjórnnum í té gerðabækur og löggildir þær en heimilt skal yfirkjörstjórn að ákveða að hverfiskjörstjórnir eða undirkjörstjórnir noti sérstök eyðublöð eða laus blöð í stað sérstakrar gerðabókar.

## Stafræn ökuskírteini

- Símar verða afhentir með kjörgögnum.
- Mikilvægt að hlaða og ræsa símana með góðum fyrirvara svo hægt sé að uppfæra hugbúnað þeirra, sem er gert miðlægt.
- Þarf að vera góð farsímatenging á kjörstöðum.
- Stafrænt Ísland veitir aðstoð og upplýsingar varðandi símtækin ef upp koma vandamál.
- Á kjördag verður vaktsími í síma 695 7947.
- Skila símtækjum eftir kosningar til dómsmálaráðuneytisins.

# Talning atkvæða, eyðublöð og skýrsluform

- Yfirkjörstjórn skal auglýsa a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag hvar og hvenær talning atkvæða í kosningum fari fram.
- Yfirkjörstjórn færir niðurstöðu kosninganna í gerðabók og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru og landskjörstjórn. Skal þess getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir og hver kjörsókn var, 21. gr.
- Athygli er vakin á að útgáfu kjörbréfa hefur verið hætt.
  - Í 119. gr. kosningalaga segir að yfirkjörstjórn sveitarfélags skuli tilkynna hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu í sveitarstjórn.

# Eyðublöð og skýrslur

## *reglugerð um talningu atkvæða nr. 431/2021*

- Landskjörstjórn útvegar eftirtalin form/eyðublöð sem verða aðgengileg á kosningavefnum:
  - Talningarblað til að skrá niðurstöðu talningar, 16. gr. rgl.
  - Eyðublað fyrir yfirkjörstjórnir um hversu margar atkvæðasendingar utan kjörfundar eru teknar til greina, hversu margar eru ekki teknar til greina og af hvaða ástæðu, sbr. 94. gr. kosningalaga, 17. gr. rgl.
  - Eyðublað fyrir ágreiningsseðla. Með ágreiningsseðlunum skal fylgja skýring á úrskurði yfirkjörstjórnar og upplýsingar um þann ágreining sem umboðsmaður gerði um atkvæðaseðilinn, 19. gr. rgl.

# Kosningaskýrsla, 26. gr.

## *Reglugerð um talningu atkvæða*

- Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal reikna út kosningaúrslit skv. 116.-118. gr. kosningalaga.
- Til þess að finna hverjir hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu í samræmi við 112. gr. kosningalaga. Í því felst að sömu reglur gilda um áhrif útstrikana og um alþingiskosninga.
- Yfirkjörstjórn skal senda nýkjörinni sveitarstjórn og landskjörstjórn greinargerð um úrslit kosninganna og lætur landskjörstjórn yfirkjörstjórnnum í té eyðublað fyrir skýrslugerðina.
- Þetta eyðublað er kallað kosningaskýrsla og það er sérútbúið skjal fyrir hvert sveitarfélag með reikniformúlu sem verður kynnt sértaklega fyrir sveitarfélögum.
  - Kynningarfundur vegna þessa verður mánudaginn 9. maí kl. 12 -13.
- Kosningaskýrsluform verður einnig aðgengilegt sveitarfélögum þar sem fram fara óbundnar kosningar en það mun ekki innihalda þessa reikniformúlu.



# Kosningavefurinn

- Fréttir gögn og upplýsingar:
  - Upplýsingar um kjörstaði
  - Hvar talning atkvæða fer fram
  - Framboðslistar
  - Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:
    - kjörstjórar og opnunartímar:  
<https://island.is/s/syslumenn/kosningar>
- Símvakt á kjördag
  - Landskjörstjórn
  - Þjóðskrá Íslands

# Auglýsingar og upplýsingagjöf

- Við sveitarstjórnarkosningar þar sem fram fer listakosning útbýr yfirkjörstjórn lista yfir þá sem eru í framboði í viðkomandi sveitarfélagi.
- Framboðslistar eru auglýstir á vef sveitarfélagsins og hlekkur á auglýsinguna á kosning.is
- Á sama hátt á að auglýsa óbundna kosningu, þ.e. á vef en einnig nöfn þeirra sem skorast undan endurkjöri.
- Upplýsingar um framboðslista skulu vera til staðar þar sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram og einnig á kjörfundi.

# Auglýsingar og upplýsingagjöf

- Staðfestingu aðstoðarmanns kjósenda, sbr. reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu skal kjörstjórn varðveita. Landskjörstjórn er heimilt að óska eftir upplýsingum um aðstoðarmenn til þess að ganga úr skugga um hæfi þeirri skv. 89. gr. kosningalaga.
- Hagstofa Íslands safnar gögnum vegna þeirrar gagnavinnslu sem stofnunin framkvæmir.
- Mikilvægt að skila framboðslistunum á excel formi.

Minnum á



Símanúmer  
landskjörstjórnar  
830 5800



Kosningavefurinn,  
kosning.is



Fyrirspurnir og ábendingar  
postur@lks.is

# FYRIRSPURNIR